

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1977

Nr. 274.

434

8. júlí 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976 22. mars 1976.

1. gr.

Niðurlag 3. mgr. 14. gr. svohljóðandi:

„Frádráttur skv. þessari málsgrein skal þó aldrei vera minni en segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar“ falli burt.

2. gr.

Seinasti málsliður 3. mgr. 31. gr. svohljóðandi:

„Þrátt fyrir framangreindar reglur skal endurgreiðsla aldrei vera meiri en nemur mismun á ársiðgjaldi skips annars vegar og greiðslu Tryggingasjóðs fiskiskípa vegna iðgjalds skipsins á viðkomandi ári að viðbættum þeim hluta iðgjalds, sem skipseiganda ber að greiða sjálfum miðað við fullt úthald, hins vegar.“ falli burt.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 91 31. desember 1975, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júlí 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 275.

1. júlí 1977.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Snæfellinga.

Búnaðarsamband Snæfellinga gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945 svofellda húsagerðarsamþykkt:

I. KAFLI.

Takmark samþykktarsvæðis og markmið samþykktar.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir starfssvæði Búnaðarsambands Snæfellinga.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum á samþykktarsvæðinu og stuðla að því, að hændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er. Þessum tilgangi vill sambandið ná með því sem fyrst og eftir því, sem aðstaða leyfir, að taka að sér byggingu íbúðarhúsa og útihúsa á sambandssvæðinu, þannig